



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Boð um þátttöku

Margrét Björk Svavarsdóttir
forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	23.02.2016
Málalykill	04.10
Mál nr.	1602454

Reykjavík, 22. febrúar 2016

Efni: Stóri leikskóladagurinn í Reykjavík – Boð um þátttöku

Stóri leikskóladagurinn verður haldinn á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í áttunda sinn á þessu ári. Dagurinn verður haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og í Tjarnarbíói, föstudaginn 27. maí 2016, kl. 8:30-16:30.

Stóra leikskóladeginum er ætlað að skapa vettvang þar sem leikskólafólk kemur saman til að kynna afmörkuð verkefni og hagnýtar hugmyndir sem unnið er að í leikskólunum. Dæmi um þetta eru sjálfsprottin verkefni á deildum, margvíslegar leiðir í leikskólastarfi, gerð handbóka, og þróunarverkefni svo eitthvað sé nefnt. Kynningarbásar leikskólanna verða í Ráðhúsi Reykjavíkur og samhliða þeim verður boðið upp á fyrirlestra í Tjarnarbíói.

Stóri leikskóladagurinn hefur síðastliðin ár borið metnaðarfullu og fjölbreyttu starfi leikskóla Reykjavíkurborgar gott vitni og áhugi hefur verið fyrir því að bjóða leikskólafólki úr öðrum sveitarfélögum að taka þátt og kynna sitt starf.

Undirbúningsnefnd hefur ákveðið að bjóða Garðabæ að vera gestasveitarfélag Stóra leikskóladagsins í ár. Vinsamlegast látið vita fyrir 11. mars n.k. hvort vilji er fyrir því að þiggja boðið.

Nánari upplýsingar gefur undirrituð.

Bestu kveðjur,
f.h. undirbúningsnefndar,

Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir
þróunarfulltrúi, skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is
Sími: 411-7018 / 693-9880